

Hafnarfjarðar
Innk: 17/3 2015
Nennr: 1563286
Refal: 222



Hafnarfjarðarbær  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 11. mars 2015  
Tilv.: IRR14080153/18.12.14


Ráðuneytinu hefur borist stjórnarsýslukæra Skarphéðins Jósepssonar, Valdimars Óskarssonar, Inga Rafns Jónssonar og Önnu Sigríðar Thorkelsdóttur, þar sem kærð er ákvörðun fræðsluráðs Hafnarfjarðar um að samþykkja breytingar á skólanámskrá og skóladagatali á fundi þann 19. maí 2014. Jafnframt er kærð ákvörðun fræðsluráðs að heimila fulltrúa foreldra ekki að sitja fundinn og neita að bóka erindi foreldra til fræðsluráðs. Kæran ásamt fylgigögnum er meðfylgjandi og er hér með óskað umsagnar Hafnarfjarðarbæjar um hana. Auk þess er óskað allra þeirra raka og sjónarmiða sveitarfélagsins í málinu sem það telur geta komið að gagni við úrlausn þess auk allra þeirra gagna sem málið varða og ekki hafa þegar verið lögð fram.

Þess er farið á leit að umsögn berist ráðuneytinu innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfs þessa eða eigi síðar en 9. apríl nk.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

  
Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir

Fylgiskj.: Kæra, dags. 18. ágúst 2014, ásamt fylgiskjölum.





**Fw: Stjórnsýslukæra til Innanríkisráðuneytis**  
**Almennt: Tölvupóstur**  
Málsnúmer: IRR14080153  
Málalyklar: 18.12.14  
Eigandi skjals: Brynjólfur Hjartarsson  
Staða: Í vinnslu  
**Dagsetningar:**  
Búið til: 19.08.2014  
Dagsetning skjals: 19.08.2014

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Netfang: CN=Ragnhildur  
Hjaltadóttir/OU=IRR/O=NotesSTJR

---

Frá: Ragnhildur Hjaltadóttir/IRR/NotesSTJR  
Dags: 19.08.2014 16:08:51  
Til: Alexandra Þórlindsdóttir/IRR/NotesSTJR@NotesSTJR, Bryndís Helgadóttir/IRR/NotesSTJR@NotesSTJR,  
Hermann Sæmundsson/IRR/NotesSTJR@NotesSTJR  
Efni: Fw: Stjórnsýslukæra til Innanríkisráðuneytis

---



Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary  
Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior  
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími/Tel: +(354) 545 9000  
[innanrikisraduneyti.is](http://innanrikisraduneyti.is) / [Fyrirvari/Disclaimer](#)

----- Forwarded by Ragnhildur Hjaltadóttir/IRR/NotesSTJR on 19.08.2014 16:08 -----

From: Skarphéðinn Jósepsson <skarjose@bverk.is>  
To: <ragnhildur.hjaltadottir@irr.is>,  
Date: 18.08.2014 12:34  
Subject: Stjórnsýslukæra til Innanríkisráðuneytis

---

Hafnarfirði 18.08.2014

## Innanríkisráðuneytið

Berist til: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri.

Efni: Stjórnsýslukæra á hendur fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Málsatvik: Í maí sl. kom upp mál í Áslandsskóla er varðar meint prófsvindl ákveðins hóps nemenda. Aldrei voru þó færðar neinar sönnur á málið. Viðbrögð skólastjóra voru að gjörbylta námsmati með litlum sem engum fyrirvara, með stuðningi fræðsluráðs Hafnarfjarðar.

Við teljum að þessi breyting hafi ekki verið rættmæt, en skv. kafla 9.2 í aðalnámsskrá um námsmat í skólanámsskrá og starfáætlun skóla skal gera grein fyrir námsmatsviðmiðum og matskvarða í skólanámsskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þeir sem í hlut eiga; nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla þurfa allir að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Í kafla 9.6 segir enn fremur að námsmat þurfi að fara fram jafnt og þétt á námstímanum og nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Skyndileg breyting á námsmati skömmu fyrir skólaslit getur verið ruglandi og truflað nemendur í námi sínu. Hér var einnig um útskriftarnema að ræða og setur

svona mikil breyting á námsmati með skömmum fyrirvara óhjákvæmilega strik í reikninginn.

Þá viljum við einnig benda á að við teljum fræðsluráð Hafnarfjarðar hafa brotið gegn 11.gr, 13.gr og 14.gr stjórnarsýslulaga, þegar það samþykkir tillögu skólastjóra um breytingar á skóladagatali á fundi sínum þann 19 maí 2014. Skólastjóri sat fundinn til að fylgja eftir tillögu sinni, en fulltrúa okkar var neitað að sitja fundinn, þrátt fyrir ósk þar um. Þá var einnig neitað að bóka erindi okkar til fræðsluráðs þrátt fyrir ósk þar um, hins vegar var bókuð stuðningsyfirlýsing við skólastjóra frá kennurum skólans í fundargerð (<http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1405009F>).

Borið var fyrir sig að erindið hefði borist of seint, hefði borist eftir hádegi föstudag 16 maí en þá hefðu gögn fundarins átt að liggja fyrir.

Við viljum benda á, að á þeim tímapunkti höfðum við foreldrar ekki verið upplýst um téða breytingu á skóladagatali, það gerði skólastjóri á fundi sem boðaður var 16:30 sama dag.

Telji ráðuneytið málið að einhverju leiti vanreifað, á grunni fyrirliggjandi erinda og gagna, eða óski eftir frekari gögnum, óskum við eftir upplýsingum þar um eins fljótt og unnt er, sbr. 7.gr stjórnarsýslulaga.

Meðfylgjandi eru afrit af erindum og samskiptum við fræðsluráð, bæjarlögmann, og fleiri aðila til glöggvunar.

Stjórnarsýslukæra hefur einnig verið lögð fram til Mennta og menningarmálaráðuneytis vegna framgöngu skólastjóra og fræðsluráðs (MMR14050127/14.4.4.-)

Fyrir hönd hóps foreldra  
Skarphéðinn Jósepsson  
Valdimar Óskarsson  
Ingi Rafn Jónsson  
Anna Sigríður Thorkelsdóttir



Bæjarlögmaður Hafnarfjarðar\_21052014.pdf Erindi til Fræðsluráðs Hafnarfirði 18 maí 2014.pdf



Fylgiskjal með erindi 18 maí - Póstar frá skólastjóra Áslandsskóla.pdf



2014\_19.mai\_Aslandsskoli\_Heimili og Skóli.pdf

Bæjarlögmaður Hafnarfjarðar, Anna Guðrún Pind Jørgensdóttir hdl.  
Bæjarstjóri, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Afrit sent: Eyjólfur Sæmundsson, formaður fræðsluráðs  
Helena Mjöll Jóhannsdóttir  
Gestur Svavarsson  
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir  
Helga Ingólfsdóttir  
Magnús Baldursson, fræðslustjóri  
Menntamálaráðuneytið

Hafnarfirði, 21. maí 2014.

**Efni: Breyting á skóladagatali Áslandsskóla.**

Á fundi fræðsluráðs í gær var samþykkt breyting á skóladagatali Áslandsskóla vegna atburða sem þar áttu sér stað.

Með samþykkt á breytingum á skóladagatali skólans er fræðsluráð væntanlega að vísa til þess að drengur sem nú er nemandi í 10. bekk Áslandsskóla stofnaði fésbókarsíðu þegar hann var nemandi skólans í 8. bekk. Þá hafði einnig ákveðinn fjöldi nemenda aðgang að síðunni og virðast þeir hafa hjálpast að við helmanám, jafnframt sem talið er að einhverjir drengir hafi tekið myndir af prófum og sett þar inn til að hjálpa öðrum sem áttu eftir að taka sömu próf.

Þriðjudaginn 13. maí boðaði skólastjóri, ásamt deildarstjóra, umsjónarmann síðunnar og skipaði honum að skrá sig inn á fésbókina og sýna sér þessa tilteknu síðu. Drengurinn, einn síns liðs, gegn skólastjóra og deildarstjóra, þorði ekki annað en að sýna þeim síðuna. Skólastjóri virðist hafa farið yfir það efni sem þar var og í kjölfarið óskaði hann eftir því að síðunni yrði lokað. Skólastjóri tók, að því best er vitað, ekkert efni af síðunni til varðveislu, til að sanna t.d. fyrir foreldrum að þeirra drengur hafi verið aðili að síðunni og hefði deilt þar efni eða til að vita nákvæmlega hvaða efni var á síðunni.

Í kjölfar þessa fundar með drengnum, upphafsmanni síðunnar, vék skólastjóri 19 drengjum úr skólanum í þrjá daga, án undangengins samráðs við foreldra og Fræðslusvið. Foreldrar þessara drengja hafa ekki haft nein tæk á því að sannreyna að þeirra drengur hafi tekið þátt í þessari síðu, þar sem síðunni var eytt. Sú ákvörðun skólastjóra að eyða síðunni varð einnig til þess að ekki er hægt að sannreyna hvaða efni var á síðunni til að komast að því í hvaða fögum próf voru á síðunni og því alls ekki er víst að þar hafi verið próf úr öllum fögum.

Skólastjóri varð síðan að draga þá ákvörðun um að víkja drengjunum úr skólanum til baka þar sem ljóst var að hann hafði brotið á foreldrum og nemendum varðandi réttmæta málsmeðferð þegar þetta mál kom upp.

Hér höfum við rakið ástæðu erindis skólastjóra um breytingu á skóladagatali, sem fræðsluráð hefur nú samþykkt og gefur því Áslandsskóla heimild til að setja á próf fyrir 10. bekk síðustu daga skólaársins. Einnig er gerð sú breyting að vægi þessa prófs gildir 35% af lokaekunn í stað þess að 10. bekkur skili lokaverkefni.

Við sendum erindi til fræðsluráðs varðandi þessa breytingu á skóladagatali. Í erindinu var óskað eftir skriflegum svörum og einnig farið formlega fram á að það yrði bókað til fundargerðar. Við hvorugu var orðið, án skýringa.

Við veltum fyrir okkur hvort stjórnarsýslulög hafi ekki verið brotin við þessa samþykkt fræðsluráðs og óskum því eftir að bæjarlögmaður skoði eftirfarandi hvað það varðar.

1. Getur fræðsluráð staðfest það að rannsóknarregla stjórnarsýslulaga, 10. gr., hafi verið virt, þ.e. að allt málið hafi verið rannsakað til hlítar til að sannreyna hvaða upplýsingar voru inni á síðunni og hvaða aðilar voru að dreifa efni á síðunni eða lesa efni henni. Við teljum að það hafi verið nauðsynlegt til að geta tekið ákvörðun sem ekki er íþyngjandi fyrir aðila málsins. Við teljum að svo sé ekki þar sem skólastjóri lét eyða umræddri fésbókarsíðu.
2. Þegar fræðsluráð samþykkir breytingu á skóladagatali þá virðist það liggja í augum uppi að rannsóknarregla stjórnarsýslulaga er ekki virt (þar sem síðunni var eytt). Samt sem áður er þetta samþykkt sem leiðir til þess að allur 10. bekkur Áslandsskóla er skikkaður í próf sem ekki áttu að vera samkv. skóladagatali. Það er verulega íþyngjandi fyrir alla nemendur að þurfa að taka próf sem eiga að gilda töluvert meira en gert var ráð fyrir og námsefni fyrir þessi próf er töluvert meira en fyrir önnur próf á árinu. Nemendur áttu einungis eftir að skila lokaverkefni. Getur fræðsluráð staðfest að meðalhófsregla stjórnarsýslulaga var ekki brotin þ.e. hér er um íþyngjandi ákvörðun að ræða þegar lögmætu markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti. Hér hefði klárlega verið hægt að nota vægari úrræði þar sem auðvelt hefði verið fyrir skólastjóra að láta þá drengi sem voru meintir aðilar að síðunni að taka stöðupróf. Hér er verið að vísa í meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga 12. grein.
3. Að minnsta kosti tvö erindi frá foreldrum lágu fyrir fræðsluráði fyrir þennan fund mánudaginn 19. maí varðandi þessa breytingu á skóladagatali, í báðum tilfellum var óskað skriflegra svara og bókunar. Fræðsluráð sá sér ekki fært að bóka í fundargerð eitthvað varðandi þessi erindi. Ekki er því hægt að sjá á fundargerð fræðsluráðs að nefndarmenn hafi kynnt sér efni erindanna. Því má ætla að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra við ákvörðunina og þar af leiðir hafa andmælin sem fram koma í bréfunum ekki verið skoðuð þegar ákvörðunin var tekin. Hér er verið að vísa í andmælarétt aðila, 13. gr. stjórnarsýslulaga.
4. Það má vera fræðsluráði ljóst, í kjölfar þess að það fékk allavega tvö erindi frá foreldrum varðandi þessa breytingu, að foreldrar eru ekki ánægðir með þá ákvörðun skólastjóra að fara fram á að skóladagatali yrði breytt. Því hefði fræðsluráð átt að svara þessum erindum á grundvelli 20. greinar stjórnarsýslulaga þar sem vísað er í að stjórnvald á að veita leiðbeiningar til málsaðila t.d. varðandi rökstuðning á ákvörðuninni og kæruehimild ef málið fer þannig.
5. Við gerum á kröfu að fræðsluráð rökstyðji ákvörðun sína frá því í gær með vísan í þá rannsókn sem fram fór á málinu. Einnig gerum við þá kröfu að fræðsluráð rökstyðji það að meðalhófsregla sé ekki brotin í þessu máli. Að síðustu gerum við þá kröfu að fræðsluráð rökstyðji það hvers vegna erindum foreldra var ekki svarað. Kröfur þessar eru byggðar á grundvelli 21. greinar stjórnarsýslulaga.
6. Einnig var farið fram á það í erindi til Fræðsluráðs, að ef það samþykkti þessa tillögu skólastjóra, yrðu fengnir utanaðkomandi óhlutrægir aðilar til að annast þessa próftöku og námsmat, þar sem trúnaður ríkir ekki lengur milli skólans og stórs hluta nemenda og forráðamanna. Þessi beiðni er að engu virt.

Í þessu samhengi má einnig benda á það að hugsanlega hefur aðalnámskrá grunnskóla verið brotin við þessa ákvörðun en í 9. kafla hennar er sagt að námsmat eigi að vera áreiðanlegt, heiðarlegt og sanngjarnt. Við þessa breytingu, á loka dögum skólaársins, að þessi lokapróf eigi að gilda 35% af lokaeinkunn er námsmat ekki lengur áreiðanlegt né sanngjarnt gagnvart nemendum. Því er ekki verið að fara eftir aðalnámskrá grunnskóla.

Meðfylgjandi er svar Heimilis og skóla við erindum foreldra vegna þessa máls.

Erindi hafa einnig verið send til Menntamálaráðuneytisins og Umboðsmanns barna. Þeirra svara væntum við innan fárra daga.

Við förum fram á það að bæjarlögmaður sendi okkur skrifleg, rökstudd svör við þessum athugasemdum okkar, það er, hvort ákvörðun fræðsluráðs sé hugsanlegt brot á stjórnsýslulög, eða að svo sé ekki.

Einnig förum við fram á það að bæjarlögmaður staðfesti að fræðsluráð var meðvitað um það að breytinga á skóladagatali Áslandsskóla myndi leiða til breytingu á námsmati sem er verulega ósanngjarnt gagnvart nemendum 10. bekkjar.

Að lokum óskum við eftir upplýsingum um hvenær, þ.e. hvaða dag og klukkan hvað, fræðsluráð fékk gögn afhent til undirbúnings fyrir fundinn.


Svar óskast eigi síðar en fyrir lok dags fimmtudaginn 22. maí.

Virðingarfyllst,

Ingi Rafn Jónsson

Skarphéðinn Jóseppson

Meðfylgjandi er: Svar Heimilis og Skóla  
Erindi fyrir fræðsluráð frá 18. maí  
Fylgiskjal með erindi til fræðsluráðs 18. maí.





Hafnarfirði 18 maí 2014

Erindi til Fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Móttakendur: Fulltrúar í Fræðsluráði Hafnarfjarðar, Magnús Baldursson forstöðumaður fræðslusviðs

Afrit sent: Umboðsmaður barna, Menntamálaráðuneyti, Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Heimili og Skóli.

Málefni: Atburðir sl. viku í Áslandsskóla Hafnarfirði, og viðbrögð við þeim.

Ágætu móttakendur. Í síðustu viku komu upp atvik í 10. bekk Áslandsskóla, sem raskað hafa öllu skólastarfi þar verulega. Þar komu fram ásakanir um brot einhvers hóps nemenda á skólareglum, sem vissulega eru alvarleg séu þau sönnuð. Við leyfum okkur að láta fylgja með erindi þessu bréf sem sent var Menntamálaráðuneyti og Sviðsstjóra Fræðslusviðs Hafnarfjarðar 15. maí síðastliðinn þar sem gerð er nánari grein fyrir málavöxtum, ásamt afritum af tölvupóstum frá Skólastjóra.

Nú hefur skólastjóri tilkynnt að breyta eigi námsmati með litlum sem engum fyrirvara. Námsmat hefur verið byggt á sí-mati. Tekin eru próf úr afmörkuðum þáttum námsefnis sem gilda gjarnan 10-15% af lokaekun, í einhverjum tilfellum meira og minna eftir eðli máls.

Samkvæmt fyrirbyggjandi námsskrá og skóladagatali, áttu börnin eftir að ljúka einni umferð af slíkum 10-15% prófum. Nú á hins vegar að snúa þessu upp í lokapróf úr öllu námsefni eftir áramót. Á svo að heita að komið sé til móts við nemendur að því leiti að þau gildi „aðeins“ 35% af lokaekun.

Það þarfnast varla skýringa, hve illa þetta kemur við nemendur. Allt starf hefur miðast við sí-matið og þau hafa hagað sinni vinnu í samræmi við það, og þá er reglunum breytt án fyrirvara! Gildir þá einu hvort við tölum um góða námsmenn, og ekki síður þá sem eiga í erfiðleikum með nám.

Við teljum að framgangi skólastjóra málinu til þessa, hafi verið verulega ámælisverð. Hann hafi hvorki gætt meðalhófsreglu stjórnáslulaga, né farið að fyrirmælum Reglugerðar No 1040/2011, 14 og 15 grein þar sem kveðið er á um meðferð agabrota. Hvernig haldið hefur verið á málinu af hálfu skólans hefur verið til þess fallið að skaða orðstí hans og mannorð nemendanna verulega.

Nú virðist ætlunin að keyra fram þessar breytingar á námsmati með sama offorsinu. Vissulega eru meint brot nemenda alvarleg ef sannast. Það má hins vegar ekki gleyma því í látunum að við erum að fjalla um börn og framtíð þeirra. Er hægt að líða það að heill hópur nemenda sé úthrópaður sem glæpamenn, frammi fyrir samnemendum, kennurum, foreldrum og meira að segja í fjölmiðlum og væntanlega þeim framhaldsskólum nemendur sækjast eftir, án þess að hafa átt nokkurn málsvara, né að undangenginni hlutlausri rannsókn.

Viðbrögðin síðan þau að ætla að láta meint brot fárra aðila bitna á öllum hópnum!!! Hvað á það að kenna börnum okkar um ábyrgð og réttlæti?

Við viljum í þessu samhengi benda á að í 9. grein aðalnámsskrár grunnskóla er áréttað, að námsmat í skólanámsskrá á að vera þannig að öllum sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar og einnig að þeir sem hlut eiga geti skilið námsmatið á svipaðan hátt. Þarna er einnig fjallað um að námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Með því að breyta námsmati í námsskrá eins og verið er að gera þá er það ekki lengur áreiðanlegt, heiðarlegt né sanngjarnt gagnvart nemendum.

Skólastjórnin tilkynnti á fundi 16. maí sl. að Skólaráð Áslandsskóla hefði þegar samþykkt þessar breytingar og þær yrðu nú lagðar fyrir Fræðsluráð, mánudaginn 19 maí til endanlegrar samþykktar.

Við förum fram á að gert verði grein fyrir hvernig boðið var til þess fundar, hverjir sátu fundinn, hvaða málefni voru til umfjöllunar og að fundargerð verði birt.

Einnig viljum við beina eftirfarandi til Fræðsluráðs og förum fram á skrifleg svör við erindinu.

- Á hvaða grunni er heimilt að breyta tilhögun námsframvindu og námsmats með svo afgerandi hætti. Hvaða lög og reglugerðir veita þá heimild?
- Eru engin tímamörk á slíkum heimildum séu þær fyrir hendi- þ.e. er ekki tilgreindur neinn lágmarksfyrirvari?
- Samþykki fræðsluráð erindi Skólastjóra og Skólaráðs Áslandsskóla um breytingar á námsframvindu og námsmati, gerum við þá kröfu að óháðir utanaðkomandi aðilar, t.d. frá Menntamálaráðuneyti, verði fengnir til að annast umsjón, framkvæmd og mat þessara lokaprófa.

Við teljum að við þessa atburði alla og eftirmála þeirra hafi orðið trúnaðarrestur milli skólastjórnenda Áslandsskóla og stórs hluta nemenda og forráðamanna þeirra. Við teljum okkur ekki lengur geta treyst því að skólastjórnendur hafi hag barnanna efst í huga og gæti óhlutdrægni.

Þá förum við fram á að erindi þetta verði bókað í fundargerð.

Með kveðju

Skarphéðinn Jósepsson

Valdimar Óskarsson

Fyrir hönd óformlegs hóps óánægðra foreldra 10 bekkinga við Áslandsskóla

## Póstur frá skólustjóra Áslandsskóla

Leifur Sigfinnur Garðarsson <SentUrMentor@mentor.is>

May 15 (3 days ago)

to

Icelandic  
English

Translate message

Turn off for: Icelandic

Sent á: 10. bekkur, 10. GG Baldursheimar, 10. MR Þórsheimar, 10. RLS Óðinsheimar

Áslandsskóli 15.5.2014

Kæru foreldrar nemenda í 10. bekk Áslandsskóla

Að viðhöfðu samráði við lögreglu og lögfróða aðila hefur skólustjóri ákveðið að afturkalla brottvikningu drengjanna 19 sem aðgang höfðu að fésbókarsíðu sem verið hefur til umræðu síðustu daga. Drengirnir mæta því í skólann skv. stundaskrá í fyrramálið föstudaginn 16.5.2014.

Eins og skólustjóri hefur áður greint frá ríkir mikil óvissa hversu víða upplýsingar af ofangreindri síðu hafa borist. Það er því jafnljóst og áður að gera þarf breytingar á námsmati nemenda í 10. bekk svo ekki komi upp ótrúverðugleiki milli skólans og viðtökuskóla / framhaldsskóla nemenda úr Áslandsskóla.

Skólayfirvöld munu leggja til við a) skólaráð Áslandsskóla og síðar b) fræðsluráð Hafnarfjarðar að breytingar verði gerðar á skóladagatali nemenda í 10. bekk Áslandsskóla á vordögum.

Gerð verður tillaga um að skipulag vordaga verði með eftirfarandi hætti:

Mánudagur 19.5.2014	Kennsla skv stundaskrá
Þriðjudagur 20.5.2014	Kennsla skv stundaskrá
Miðvikudagur 21.5.2014	Skipulagsdagur kennara
Fimmtudagur 22.5.2014	Vorpróf í íslensku kl. 8.10-9.30
Föstudagur 23.5.2014	Vorpróf í samfélagsfræði kl. 8.10-9.30
Mánudagur 26.5.2014	Vorpróf í stærðfræði kl. 8.10-9.30
Þriðjudagur 27.5.2014	Vorpróf í ensku kl. 8.10-9.30
Miðvikudagur 28.5.2014	Vorpróf í náttúrufræði kl. 8.10-9.30
Fimmtudagur 29.5.2014	Uppstigningardagur
Föstudagur 30.5.2014	Íþróttadagur
Mánudagur 2.6.2014	Útskriftarferð nemenda
Þriðjudagur 3.6.2014	Útskriftarferð nemenda
Miðvikudagur 4.6.2014	Útskriftarferð nemenda
Fimmtudagur 5.6.2014	Foreldradagur í Áslandsskóla / fri hjá útskriftarnemendum
Föstudagur 6.6.2014	Útskrift nemenda í 10. bekk á sal skólans kl. 12.00.

Upplýsingar um lesefni til prófs, vægi einstakra prófa og undirbúning muni berast nemendum/foreldrum fyrir lok skóladags á morgun föstudag.

Virðingarfyllt  
Leifur S. Garðarsson, skólustjóri Áslandsskóla

Leifur Sigfinnur Garðarsson <SentUrMentor@mentor.is>

May 14 (4  
days ago)

to

Icelandic  
English

Translate message

Turn off for: Icelandic

Sent á: 10. bekkur, 10. GG Baldursheimar, 10. MR Þórsheimar, 10. RLS Óðinsheimar

Kæru foreldrar

Upp er komið leiðindamál hér í skólanum.

Ljóst er að nokkrir drengir, sem nú eru í 10. bekk, stofnuðu fésbókarsíðu í 8. bekk og hefur hún þróast út í að hafa afskaplega neikvæðan og í raun saknæman tilgang.

Frá áramótum 2014 hafa birst á síðunni próf sem nemendur hafa nálgast með ólöglegum hætti, þ.e. farið í gegnum persónuleg gögn kennara, tekið myndir af prófum og birt síðan á síðunni.

Alls eru það 19 drengir sem höfðu aðgang að síðunni.

Skólastjóri fór í gegnum síðuna ásamt deildarstjóra og þeim nemanda sem skráður var stjórnandi síðunnar seinni partinn í gær. Þar var farið í gegnum hvaða efni var á síðunni og hvaða nemendur höfðu aðgengi að þeim upplýsingum sem síðan hafði að geyma. Eftir þá skoðun var síðunni eytt til að koma í veg fyrir frekari skaða.

Stjórnendur skólans kölluðu þessa 19 drengi á sal skólans nú í morgun og reyndu að útskýra fyrir drengjunum alvarleik málsins. Drengjunum var því næst vísað heim næstu þrjá skóladaga. Skólastjóri hefur einnig upplýst fræðslustjóra um ákvörðun sína.

Í ljósi þess að mikil óvissa ríkir um hversu víða þessar upplýsingar hafa borist, þ.e. hversu mikið út fyrir hóp þeirra drengja sem aðgang höfðu að síðunni, hafa skólayfirvöld ákveðið að breyta skipulagi næstu onvordaga 2014 hjá nemendum í 10. bekk skólans.

Mánudaginn 19. og þriðjudaginn 20. maí verður unnið að lokaverkefni. Miðvikudaginn 21. maí er skipulagsdagur kennara. Fimmtudaginn 22. maí og föstudaginn 23. maí verður prófað úr fjórum námsgreinum í námsefni vorannar.

Skipulag prófanna verður sem hér segir:

Fimmtudagur 22. maí	Föstudagur 23. maí
8.10 - 9.30 Íslenska	8.10 - 9.30 Stærðfræði
12.00-13.20 Náttúrufræði	12.00-13.20 Samfélagsfræði

Virðingarfyllt,  
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri



Reykjavík, 20. maí 2014

## **Efni: Svar við erindum sem bárust 18. og 19. maí sl. vegna viðbragða skólastjóra Áslandsskóla í prófstuldarmáli.**

Heimili og skóla – landssamtökum foreldra bárust tvær beiðnir frá foreldrum barna í 10. bekk Áslandsskóla í Hafnarfirði um að gefa álit á viðbrögðum í prófstuldarmáli sem upp kom í skólanum og vísunum við í tölvupósta frá foreldrunum Önnu Sigríði Þorkelsdóttur frá 18. maí sl. og Skarphéðni Jósefssyni og Valdimar Óskarssyni frá 19. maí sl., en þeir síðarnefndu skrifa að eigin sögn fyrir hönd hóps forráðamanna barna í skólanum.

Í bréfunum kemur fram að hópur drengja varð uppvís að því að vera meðlimir í facebook-hópi þar sem m.a. var dreift stolnum afritum af prófum úr skólanum og eru foreldrarnir ósáttir við hvernig skólastjóri hefur tekið á málinu. Nefna þau m.a. að:

- a. Ekki hafi verið haft samband við foreldri þegar nemandi var boðaður á skrifstofu skólastjóra, spurður út í málið og látinn opna facebook aðgang sinn í vitna viðurvist.
- b. Sú ákvörðun að víkja nemanda/nemendum úr skóla sé stjórnvaldsákvörðun þar sem ber að fara eftir reglum stjórnáskrárlaga. Það hafi ekki verið gert á fyrstu stigum málsins og að foreldrar hafi ekki verið kallaðir til sem málsvarar barnsins. Einnig hafi andmælaréttur ekki verið virtur.
- c. Hægt hefði verið að gæta betur meðalhófs við meðferð málsins og vinna betur að farsælli niðurstöðu í samvinnu og samráði við foreldra.
- d. Ósanngjarnt sé að refsá öllum nemendum 10. bekkjar fyrir meint brot fárra nemenda. Samkvæmt fyrirbyggjandi námskrá og skóladagatali áttu börnin eftir að ljúka einni umferð af símatprófum sem gilda 10-15% hvert. Nú standi til að breyta þessu í lokapróf úr öllu námsefni eftir áramót sem gildi 35% af lokaeinkunn. Þetta komi illa við nemendur og hafi áhrif á framtíð þeirra.

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að velferð nemenda skuli ávallt höfð að leiðarljósi og ber skólum að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er mikilvæg forsenda árangursríks skólastarfs og forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna. Þessi tilmæli aðalnámskrár eru ekki hvað síst mikilvæg þegar vandamál skjóta upp kollinum og nemendur gerast brotlegir við skólareglur.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 er í 10. grein fjallað um viðbrögð við brotum á skólareglum, í 11. grein er fjallað um misbrest á hegðun nemenda og í 14. grein kveðið á um málsmeðferð vegna brota nemenda á skólareglum. Mikilvægt er að unnið sé samkvæmt reglugerð þessari þegar upp koma ágreiningsmál. Vísunum við hér í umrædda reglugerð.



- a. Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, ferli máls og ákvarðanir sem teknar eru vegna brota á skólareglum, í samræmi við lög um persónuvernd og reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Gæta skal jafnræðis og samræmis í viðbrögðum og taka tillit til aðstæðna hvers og eins.

Brjótí nemandi af sér skal kennari ræða við nemanda um hegðun hans til þess að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess og átti sig á ábyrgð sinni. Kennari skal hafa samráð við foreldra í samræmi við eðli máls og leita aðstoðar skólastjórna og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Leggja skal áherslu á að leitað sé eftir samkomulagi og sáttaleiðum.

Veita skal nemendum stuðning sýni þeir af sér óæskilega hegðun og/eða slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Foreldrum skal ætíð svo fljótt sem auðið er gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og viðbrögðum skólans og gefa skal foreldrum kost á að tjá sig ef börn þeirra brjóta skólareglur.

Auk þessa orkar tvímælis að þvinga ólöggráða einstakling (einkum þegar foreldri eða forráðamaður er ekki viðstaddur) með einum eða öðrum hætti til að opna einkaaðgang sinn að samskiptaforriti á borð við facebook sem notað er á svipaðan hátt og einkatölvupóstur og má hér vísa til Persónuverndar.

- b. Áður en ákvörðun um brottrekstur nemanda skv. 4. mgr. 12. gr. er tekin skal gefa foreldrum kost á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, skv. 13. gr. stjórnsýslulaga.

Brottvísun úr skóla telst stjórnvaldsákvörðun og gilda stjórnsýslulög um málsmeðferðina. Einnig skal gæta stjórnsýslulaga þegar nemanda er tímabundið eða ótímabundið meinað að sækja kennslustundir í tiltekinni námsgrein eða taka þátt í tilteknu félags- og tómsundastarfi á vegum skólans. Við meðferð máls samkvæmt 4. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 og beitingu viðurlaga samkvæmt þeim málsgreinum skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu. Um 2. mgr. 13. gr. gildir jafnræðisregla 11. gr. stjórnsýslulaga. **Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls.**



- c. Eins og fram kemur í svari við lið b) skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga þegar um brottvísun úr skóla er að ræða, þ.m.t. meðalhófs og andmælaréttar. Þar sem foreldrum berast fregnir af málinu eftir að ákvörðun hefur verið tekin um brottvísun og búið er að yfirheyra nemendur má færa rök fyrir því að meðalhófs hafi ekki verið gætt og andmælaréttur ekki virtur, hvorki nemenda né forráðamanna. Hér hefði mátt leita eftir vera-virkara samráði við foreldra. Einnig á að vera virkt tjáningarfrelsi í skólum landsins og nemendur eiga að geta tjáð sig um hvaðeina sem fram fer í skólanum hvort sem það snertir nám þeirra, líðan, aðbúnað eða félagslegar aðstæður. Réttmætt er að tekið sé tillit til skoðana þeirra allt eftir aldri og þroska og eðli máls.
- d. Samkvæmt kafla 9.2 í aðalnámskrá um námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla skal gera grein fyrir námsmatsviðmiðum og matskvarða í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þeir sem í hlut eiga; nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla, þurfa allir að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Í kafla 9.6 segir enn fremur að námsmat þurfi að fara fram jafnt og þétt á námstímanum og nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Skyndileg breyting á námsmati skömmu fyrir skólaslit getur verið ruglandi og truflað nemendur í námi sínu. Hér er einnig um útskriftarnema að ræða og setur svona mikil breyting á námsmati með skömmum fyrirvara óhjákvæmilega strik í reikninginn.

Með kveðju og von um farsæla úrlausn mála,

Hrefna Sigurjónsdóttir  
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.

